

Fundargerð 95. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 12. mars 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Undir lið 2 komu inn á fundinn Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingstofnunar, Þorsteinn Gunnarsson frá Útlendingastofnun og Erna Kristín Blöndal lögfræðingur úr Innanríkisráðuneytinu. Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri ÞK sat einnig fundinn undir lið 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Hælisleitendur*

Útlendingastofnun og ráðuneytið óskuðu eftir fundi með stjórn Þróunarfélagsins. Inn á fund komu undir þessum lið Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingstofnunar, Þorsteinn Gunnarsson frá Útlendingastofnun og Erna Kristín Blöndal lögfræðingur úr Innanríkisráðuneytinu. Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri ÞK kom einnig inn á fund undir þessum lið.

Gestir kynntu erindi sitt fyrir stjórn. Umræður í kjölfar kynningar milli gesta og stjórnar. Stjórn óskaði eftir minnisblaði frá ráðuneytinu um málið. Málið verður frekar rætt á næsta stjórnarfund.

3. *Tilboð í Lindarbraut 634*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð sem barst í Lindarbraut 634. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

4. *Gagntilboð v.Lindarbrautar 639*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn gagntilboð ÞK vegna Lindarbrautar 639. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

5. *HGSkil – Leigusamningur um Valhallarbraut 763*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi varðandi leigu á Valhallarbraut 763.

Gert er ráð fyrir kaupréttarsamningi á byggingunni og samþykkti stjórn að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

JKK . SJA
FHB

6. *HGISB – Veðheimild HGISB*

Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar um að klára þetta mál. Stjórn samþykkti það.

7. *Lóðarleigusamningur við Verne*

Verne hefur óskað eftir lóðaleigusamningi við ÞK vegna lóðar sem stendur austur af gagnaveri Verne. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

8. *Önnur mál.*

Ekkert var rætt undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20



Fjóra Hund Björnsd.

Sigrún Smadóttir